

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Viðskiptaráðuneytið
Dagsetning: 22. mars 2004
Málsnúmer: IVR 03090052
Bréfalykill: 58.090

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um váttryggingasamninga.

Eins og getið var í minnisblaði ráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar frá 25. febrúar s.l. kölluðu athugasemdir SÍT á frekari athugun á þremur tillögum til breytinga, þ.e. á 27. gr., 85. gr. og 86. gr. Í samráði við Viðar Má Matthíasson, prófessor, og Rúnar Guðmundsson, yfirlögfræðing Fjármálaeftirlitsins, hefur ráðuneytið lokið athugun sinni og vill með minnisblaði þessu gera grein fyrir sinni niðurstöðu.

Á fundi sérfræðinga ráðuneytisins með efnahags- og viðskiptanefnd voru ræddir möguleikar váttryggingafélaganna til þess að nýta sér rafræna viðskiptahætti og verður fjallað nánar um þau atriði á eftir umfjöllun um tillögur SÍT.

Um 27. gr.

SÍT leggur til að 2. másl. 1. mgr. 27. gr. verði felldur brott. Vísar SÍT þar til ákvæðis í váttryggingasamningalögunum norsku sem var að finna í frumgerð frumvarpsins sem sett var á heimasíðu ráðuneytisins sumarið 2002 en síðan felld brott í samræmi við ábendingar þar um. Ráðuneytið getur fyrir sitt leyti samþykkt tillögu SÍT.

SÍT leggur til töluverðar breytingar á texta 3. mgr. Annars vegar vill SÍT skýrari afmörkun takmörkunar ábyrgðar í húftryggingum ökutækja (kaskó) vegna ölvunar váttryggðs og hins vegar að reglur um samsömun gildi þegar váttryggður er ölvaður og heimilar eða samþykkir, sem eigandi eða umráðamaður viðkomandi ökutækis, notkun þess.

Í sjálfu sér telur ráðuneytið að efnislega sé tekið í 2. mgr. þessarar greinar á þeim atriðum sem SÍT gerir tillögu um varðandi efni 3. mgr. Dómaframkvæmd hin seinni ár bendir enn fremur til þess að tjón sem valdið er af manni undir áhrifum áfengis er talið til stórkostlegs gáleysis. Samkvæmt þeim reglum sem frumvarpið gerir ráð fyrir myndi ábyrgð félagsins falla niður í slíkum tilfellum.

Um 85. gr.

SÍT gerir tillögu um breytingu á 2. mgr. 85. gr. frumvarpsins. Breytingartillagan felur í sér tvennt, þ.e. annars vegar að málsgreinin taki ekki til líftrygginga í heild sinni, heldur aðeins til áhættulíftrygginga og hins vegar að frestur til þess að bera fyrir sig skort á upplýsingum, í öðrum tilvikum en þar sem svikum hefur verið beitt, verði lengdur úr tveimur árum í fimm.

Þegar tekin er afstaða til tillögu SÍT er rétt að benda á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi gera bæði gildandi lög og frumvarpið ráð fyrir því að réttindi samkvæmt líftryggingum (bæði heilsutrygginga án uppsagnarréttar og áhættulíftrygginga) geti verði andlag framsals og andlag tryggingar t.d. veðandlag. Augljóst er að fyrirvari um gildi slíkra trygginga leiðir til þess að viðskiptaöryggi er stofnað í hættu, einkum þegar fresturinn er svo langur sem SÍT gerir tillögu um.

Í öðru lagi má reikna með að það væri bagalegt fyrir alla, sem taka líftryggingar, ef félögin gætu sett slíkan fimm ára fyrirvara. Þessar líftryggingar yrðu að öllum líkindum og í öllum tilvikum veittar með fyrirvara um að fimm ár þyrftu að líða þar til váttryggingartaki gæti verið alveg öruggur um að félagið myndi ekki tilkynna honum að váttryggingin væri fallin niður.

Í þriðja lagi verður að benda á, að frumvarpið hefur sjálft innbyggðan fyrirvara, sem telja verður nægilegan, þ.e. ef váttryggingartaki hefur beitt svikum öðlast hann ekki rétt samkvæmt váttryggingunni, sama hversu langur tími líður. Hvaða tilvik eru þá eftir? Það eru tilvik, þar sem váttryggingartaki veit ekki sjálfur að hann gengur með sjúkdóm, sem myndi útiloka möguleika hans til að taka líftryggingu. eru það slík tilvik sem æskilegt er að veita félögunum færi á að gera fyrirvara um skuldbindingargildi þeirrar váttryggingar sem þau hafa veitt og sem stæði í fimm ár? Ráðuneytið telur að tillaga SÍT myndi fela í sér meiri skerðingu á réttindum váttryggðs en samrýmist nútímaviðhorfum.

Í fjórða lagi virðist ekki um alvarlegt vandamál að ræða eftir leit og athugun í dómum og úrskurðum. Hvað er t.d. verið að tala um mörg tilvik á ári, þar sem það myndi skipta sköpum að fresturinn er fimm ár, en ekki tvö?

Í fimmta lagi er rétt, vegna þess að í umsögn SÍT er vísað til dansks réttar, að minna á þá breytingu, sem gerð var á dönsku lögunum um váttryggingarsamninga á árinu 2000, með því að bæta inn gr. 120 a. Sú grein er ófrávíkjanleg, þ.e. félagið má ekki semja sig undan henni. Greinin er í líftryggingarkafli laganna. Ákvæðið kveður á um skilyrði þess að félag geti borið fyrir sig lausn undan ábyrgð vegna sjúkdóma sem koma upp á váttryggingartíma, óháð því hvort váttryggður hefur gengið með þá eða ekki. Ákvæði frumvarpsins eru, að mati ráðuneytisins, vægari í garð félaganna en hið nýja danska ákvæði. Danska ákvæði var sett í kjölfar dóms, sem birtur er í UfR 1998, bls. 1380, en sá dómur var tilefni þess að farið var að huga að endurskoðun dönsku laganna.

Miðað við að þær váttryggingar sem hér um ræðir, líftryggingar og heilsutryggingar, sem oftast eru teknar til langs tíma, er mikilvægt að vandað sé til verka og undirbúnings, bæði af hálfu váttryggingartaka og ekki síður af hálfu þess sem veitir váttrygginguna, þ.e. félagsins. Í ljósi þess að ábyrgð félagsins verður aldrei virk ef svikum hefur verið beitt, getur ráðuneytið, fyrir sitt leyti, ekki fallist á tillögu SÍT.

Um 86. gr.

SÍT leggur til tvær breytingar á greininni. Ráðuneytið getur, fyrir sitt leyti, fallist á fyrri tillögu SÍT þótt það sjái hins vegar ekki að hún bæti texta greinarinnar og bendir hér á þá meginreglu sem víða er vitnað til í athugasemdum með frumvarpinu að

félagið beri áhættu af sjúkdómi eða meini sem váttryggður gekk með er váttryggingarsamningur komst á en honum var ekki kunnugt um.

Í 86. gr. frumvarpsins er kveðið á um að hvaða marki félagið geti takmarkað ábyrgð sína vegna heilsufars váttryggðs. Af frumvarpsgreininni er ljóst, að heimildir félagsins að þessu leyti, eru rýmri en t.d. heimildir danskra váttryggingarfélaga eftir gildistöku breytinga með gr. 120 a í dönsku lögnum, sem fjallað er um hér að faman (um 85. gr.), sem er ófrávikjanleg eins og þar kemur fram. Rétt er að hafa þetta hugfast vegna þeirrar fullyrðingar SÍT að möguleikar íslenskra váttryggingarfélaga til að bjóða váttryggingar, sambærilegar þeim sem annars staðar tíðkast, verði stórlega takmarkaðir.

Í 1. mgr. 86. gr. eru sett tvenns konar skilyrði fyrir slíkum ábyrgðartakmörkunum, auk þess sem rýmri heimildir eru í sjúkratryggingum og á örorkubætti líftryggingar, sem um getur í 2. mgr. Skilyrðin eru þau, að gera má fyrirvara, sem byggist á upplýsingum sem félagið hefur fengið um hinn váttryggða með lögmatum hætti, t.d. læknisvottorð hans. Þá er félaginu einnig heimilt að gera fyrirvara, ef það getur ekki af sérstökum ástæðum aflað upplýsinganna, t.d. ef þriðji maður er váttryggður og neitar að veita þær, eða ekki næst til hans.

Stefnan í frumvarpinu er sú, að sjúkdómar sem váttryggður kann að hafa fengið einkenni um áður en váttryggingin er tekin, en honum er ekki kunnugt um, eiga ekki að koma honum í koll, þ.e. félagið eigi að bera áhættu af þeim. Það má fullyrða fyrirvaralaust, að þetta sé viðtekin stefnan í persónutryggingum á öllum Norðurlöndunum. Sýnist ljóst að Danir ganga lengst í þágu hins váttryggða, en Norðmenn og frumvarpið nokkru skemur.

Röksemdir fyrir tillögum SÍT eru fyrst og fremst þær, að ef fallist er á þær, verði hægt að taka váttryggingar á einfaldan hátt, án þess að miklar upplýsingar þurfi að veita. Í þessu felst að félagið eigi þá að geta undanþegið sig í jafn ríkum mæli og upplýsingar skortir. Ráðuneytið getur ekki fallist á að þetta teljist málefnaleg sjónarmið, þ.e. að opna eigi fyrir það að félögin geti veitt váttryggingar, sem veita eins takmarkaða váttryggingarvernd og kostur er, eingöngu af því að það sé svo fljótlegt og einfalt.

Rafræn viðskipti og rafræn þjónusta.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu er heimilt þar sem gerð er krafa um skriflegan samning, tilkynningu eða aðrar aðgerðir í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum að mæta þeirri kröfu með rafrænum samning eða tilkynningu.

Því hefur verið varpað fram hvort heppilegra sé að nota orðatiltækið “að láta í té” í stað “að afhenda” í frumvarpinu. Samkvæmt íslenskum orðabókum hafa bæði orðatiltækin sömu merkingu og gerir ráðuneytið ekki athugasemdir við að því verði breytt í frumvarpinu.